



SAMKEPPNISEFTIRLITIÐ

**Sent til umsagnaraðila:
ATH – aðeins sent með tölvupósti**

Reykjavík, 3. júlí 2018

Tilv.: 1803019

Varðar: Samruni Haga hf., Olíuverzlunar Íslands hf. og DGV ehf. – beiðni um umsögn um framboðin skilyrði vegna áhrifa samrunans á samkeppni.

Samkeppniseftirlitið vísar til fyrri samskipta vegna rannsóknar á samruna Haga hf. (Hagar), Olíuverzlunar Íslands hf. (Olís) og DGV ehf. Hefur Samkeppniseftirlitið nú mótttekið nýja samrunatilkynningu vegna málsins, dags. 23. mars 2018. Með bréfi, dags. 28. mars sl. leitaði Samkeppniseftirlitið sjónarmiða vegna samrunatilkynningarinnar ásamt tillögum Haga að skilyrðum vegna samrunans sem fylgdu samrunaskránni. Með bréfi til Haga, dags. 27. apríl 2018, tilkynnti Samkeppniseftirlitið Högum það frummat sitt að framboðin skilyrði dygðu ekki til þess að leysa úr þeim samkeppnislegu vandamálum sem samruninn myndi hafa í för með sér.¹ Í kjölfarið óskuðu Hagar eftir viðræðum við Samkeppniseftirlitið um möguleg frekari skilyrði sem unnt væri að setja samrunanum til leysa úr umræddum vandamálum sem bent hafði verið á í andmælaskjali eftirlitsins vegna samrunans.

Með hjálögðu bréfi, dags. 29. júní 2018, hafa Hagar lagt fram lokatillögu fyrirtækisins að skilyrðum vegna samrunans sem að mati fyrirtækisins eru fullnægjandi til að leysa úr þeim samkeppnislegu vandamálum sem samruninn myndi að öðrum kosti fela í sér samkvæmt frummati Samkeppniseftirlitsins.

Með bréfi þessu er óskað eftir sjónarmiðum yðar vegna tillögu Haga að skilyrðum. Áréttað skal að Samkeppniseftirlitið hefur ekki tekið afstöðu til hinna nýju tillagna Haga.

Samhliða bréfi þessu kallar eftirlitið opinberlega eftir sjónarmiðum frá öllum áhugasömum, um framkomnar tillögur að skilyrðum. Vísast um þetta til fréttar í dag á heimasíðu eftirlitsins. Þar er einnig að finna tímalínu yfir meðferð og stöðu málsins.

1. Fyrri rannsókn og málsmeðferð

Tilkynning um framangreindan samruna barst Samkeppniseftirlitinu í lok september 2017. Eftir umfangsmikla rannsókn sendi Samkeppniseftirlitið m.a. Högum þann 19. janúar 2018 andmælaskjal. Í því var rökstutt það frummat Samkeppniseftirlitsins að samruninn raskaði

¹ Sjá tilkynningu Haga til fjárfesta vegna frummats á framlögðum skilyrðum frá 29. apríl 2018. <https://globenewswire.com/news-release/2018/04/29/1489507/0/is/Vegna-samruna-Haga-hf-Ol%C3%ADuverzlunar-%C3%8Dslands-hf-og-DGV-ehf.html?print=1>.



samkeppni með alvarlegum hætti og þörf væri á íhlutun vegna hans. Íhlutun í samrunamálum getur falist annars vegar í ógildingu samruna og hins vegar í setningu skilyrða.

Þann 26. janúar 2018 lýstu Hagar yfir áhuga á sáttarviðræðum við Samkeppniseftirlitið til þess að eyða þeim samkeppnishindrunum sem stöfuðu af samrunanum samkvæmt frummati eftirlitsins. Hófust viðræður í kjölfarið.

Þann 2. febrúar 2018 sendu Hagar Samkeppniseftirlitinu athugasemdir við andmælaskjalið, ásamt tillögum að skilyrðum til að leysa hin samkeppnislegu vandamál. Þann 20. febrúar 2018 sendu Hagar eftirlitinu frekari tillögur.

Samhliða sáttarviðræðum réðist Samkeppniseftirlitið í viðbótarrannsókn, sem m.a. miðaði að því að leiða betur í ljós neytendahegðun á dagvörumarkaði, stöðu Haga á markaði, nánari könnun á áhrifum af innkomu Costco o.fl. Þá tók Samkeppniseftirlitið tillögur Haga að skilyrðum til nánari rannsóknar og aflaði gagna og sjónarmiða vegna þeirra. Jafnframt átti Samkeppniseftirlitið í samskiptum við tiltekna hluthafa fyrirtækja á dagvöru- og eldsneytismarkaði sem jafnframt eiga eignarhluti í keppinautum.

Þann 1. mars 2018 sendi Samkeppniseftirlitið bréf til Haga. Var í því gerð grein fyrir framangreindri viðbótarrannsókn. Einnig var í því rökstutt að framboðin skilyrði félagsins væru ekki fullnægjandi til að vinna gegn þeim samkeppnishömlum sem ella gætu stafað af samrunanum. Var Högum gefin lokafrestur til 5. mars 2018 til að setja fram frekari skilyrði. Þann dag bárust sjónarmið Haga og frekari tillögur að skilyrðum. Var Högum í kjölfarið gerð grein fyrir því frummati að fyrirliggjandi tillögur fyrirtækisins væru ekki fullnægjandi.

Þann 6. mars 2018 sendu Hagar frekari tillögur að skilyrðum. Var Högum bent á að lögmæltur frestur til þess að taka ákvörðun í málinu væri að renna út og að þessar nýju tillögur væru of seint fram komnar.

Þann 8. mars 2018 sendu Hagar Samkeppniseftirlitinu bréf og afturkölluðu samrunatilkynninguna. Ákvörðunar Samkeppniseftirlitsins var að vænta þann sama dag, við lok þeirra fresta sem eftirlitið hafði til rannsóknar málsins lögum samkvæmt.² Afturköllun Haga fól í sér að málinu var lokið án ákvörðunar.

2. Málsmeðferð hins síðara samrunamáls

Líkt og komið hefur fram tilkynntu Hagar á ný um samruna félagsins Olís og DGV ehf. með bréfi, dags. 23. mars 2018, en endanleg útgáfa tilkynningarinnar barst með tölvupósti, dags. 27. mars 2018.

Með bréfum, dags. 28. og 29. mars 2018, leitaði Samkeppniseftirlitið umsagna ýmissa hagsmunaaðila um nýja tilkynningu vegna samrunans og uppfærð drög að skilyrðum. Svör hagsmunaaðila bárust á tímabilinu 11. til 20. apríl 2018. Með bréfi til Haga, dags. 27. apríl 2018, lagði Samkeppniseftirlitið frummat á framboðna tillögu Haga að skilyrðum vegna samrunans ásamt því að Högum var veitt færi á að koma að athugasemdum vegna

² Nánar er fjallað um afturköllunina í frétt Samkeppniseftirlitsins frá 8. mars 2018, <http://www.samkeppni.is/utgafa/frettir/nr/3059>.



umsagna hagsmunaaðila. Í bréfinu var jafnframt að finna umfjöllun um almennar kröfur sem gerðar eru til sáttartillagna í samkeppnisrétti. Var það frummat Samkeppniseftirlitsins að Hagar hefðu ekki sýnt fram á að framboðin skilyrði væru til þess fallin að leysa úr þeirri samkeppnislegu röskun sem annars leiddi af samrunanum

Var bréfið frá 27. apríl sett fram með það að markmiði að hraða því að unnt væri að taka endanlega afstöðu til tillagna samrunaaðila, en samrunaaðilar höfðu lagt áherslu á að afgreiðslu málsins yrði flýtt, auk þess sem að þeir höfðu lýst því að framkomnar tillögur væru heildstæðar og fullnægjandi að þeirra mati.

Í kjölfar frummatsins hefur Samkeppniseftirlitið átt a.m.k. átta fundi fundi með Högum þar sem möguleg skilyrði vegna samrunans hafa verið rædd. Þá sendu Hagar Samkeppniseftirlitinu þann 11. maí 2018 minnispunkta þar sem gerðar voru tiltekna athugasemdir við efnislegt mat eftirlitsins á samrunanum. Í ljósi þeirra athugasemda framkvæmdi Samkeppniseftirlitið viðbótarannsókn á þeim atriðum sem vikið var í athugasemdunum. Niðurstaða þeirrar viðbótarannsóknar var að athugasemdir Haga breyttu ekki þeirri frumniðurstöðu málsins að með samrunanum styrktist markaðsráðandi staða Haga á dagvörumarkaði.

Með bréfi til Haga, dags. 21. júní 2018, gerði Samkeppniseftirlitið grein fyrir meðferð og stöðu málsins, þ. á m. stöðu viðræðna um möguleg skilyrði. Jafnframt óskaði Samkeppniseftirlitið eftir því að Hagar skiluðu uppfærðum heildstæðum lokatillögum að skilyrðum vegna samrunans auk rökstuðnings fyrir tillögunum. Þá var þess óskað að félagið kæmi á framfæri öðrum sjónarmiðum og andmælum sem það kynni að hafa vegna framkomins frummats eftirlitsins og meðferðar málsins að öðru leyti.

Lokatillögur Haga að skilyrðum bárust með bréfi, dags. 29. júní 2018. Þá bárust einnig viðbótarsjónarmið Haga með bréfi þann sama dag.

3. Umsagnir hagsmunaaðila

Bæði við rannsókn á hinu fyrra og síðara samrunamáli hafa ýmsir hagsmunaaðilar lýst yfir alvarlegum áhyggjum af áhrifum samrunans á samkeppni. Hafa hagsmunaaðilar bent á að með samrunanum styrkist markaðsráðandi staða Haga á dagvörumarkaði og að innkoma Costco á markaðinn hafi ekki breytt stöðu Haga að þessu leyti. Samruninn styrki markaðsráðandi stöðu Haga m.a. vegna aðgangs Haga að mikilvægum staðsetningum Olís verslana þar sem unnt er að selja dagvöru, með samrunanum aukist innkaupastyrkur og efnahagslegur styrkur Haga og samsteypuáhrif samrunans (þ.e. samþætting eldsneytis- og dagvörusölu) auki markaðsstyrk sameinaðs fyrirtækis.

Þá hafa hagsmunaaðilar bent á að með samrunanum aukist eignatengsl keppinauta á mörkuðum málsins, þá einkum á eldsneytismarkaði. Sömu eigendur muni þannig eiga umtalsverða eignarhluti í helstu keppinautum á bæði dagvöru- og eldsneytismarkaði í kjölfar samrunans. Þessi staða geti verið til þess fallin að veikja samkeppni og hvata fyrirtækjanna til að keppa sín á milli.

Auk þess benda hagsmunaaðilar í umsögnum sínum á að gangi samruninn eftir, auk samruna N1 og Festi, breytist hvatar fyrirtækjanna til þess að selja eldsneyti í heildsölu



auk þess sem þau muni eiga fyrirtækið Olíudreifingu sem sér um stærstan hluta birgðahalds og dreifingar eldsneytis á landinu (lóðréttar samkeppnishömlur).

4. Frummat og ný rannsókn

Á grundvelli rannsóknar í hinu eldra máli, auk viðbótarrannsóknar í hinu nýja máli, er það enn frummat Samkeppniseftirlitsins að samruninn fari gegn 17. gr. c. samkeppnislaga. Samkvæmt því ákvæði getur eftirlitið gripið til íhlutunar ef samruni hindrar virka samkeppni með því „að markaðsráðandi staða eins eða fleiri fyrirtækja verði til eða slík staða styrkist, eða verði til þess að samkeppni á markaði raskist að öðru leyti með umtalsverðum hætti ...“. Draga má saman mikilvæga þætti þessa frummats en hér er ekki um tæmandi talningu að ræða. Þessir mikilvægu þættir frummatsins eru:

1. Markaðsráðandi staða styrkist á dagvörumarkaði

Það er frummat Samkeppniseftirlitsins að með samrunanum styrkist markaðsráðandi staða Haga á dagvörumarkaði og sé það til þess fallið að draga með alvarlegum hætti úr virkri samkeppni á þeim markaði. Hið sameinaða fyrirtæki geti í krafti stöðu sinnar takmarkað samkeppni og hagað verðlagningu, þjónustu og viðskiptaskilmálum að verulegu leyti án tillits til keppnauta eða viðskiptavina. Byggist frummatið m.a. á því að samrunaaðilar séu nánir keppinautar á tilteknum staðbundnum svæðum fyrir samrunann, samþjöppun á mörkuðum málsins sé umtalsverð og líklega vanmetin vegna eignatengsla á milli keppnauta, samrunaaðilar búi yfir miklum fjárhagslegum og efnahagslegum styrkleika umfram flesta keppnauta sína, og samþætting staðsetninga og starfsemi bensínstöðva Olís og dagvöruverslana Haga muni styrkja stöðu Olís á eldsneytismarkaði samhliða því að styrkja stöðu Haga á dagvörumarkaði.

Ítarleg rannsókn Samkeppniseftirlitsins á þróun markaðshlutdeildar og viðhorfum neytenda leiddi jafnframt í ljós að áhrif af innkomu Costco á markaðinn hafi verið minni en Hagar byggðu á. Þessi rannsókn leiddi til þess frummats Samkeppniseftirlitsins að ekki væri unnt að fallast á það með Högum að innkoma Costco hefði í grundvallaratriðum breytt stöðu Haga á markaðnum.

2. Skaðleg röskun á samkeppni á staðbundnum svæðum í sölu dagvara

Samkeppniseftirlitið hefur rannsakað staðbundin áhrif samrunans á svæðum þar sem bæði Hagar og Olís selja dagvöru. Þar eftirlitið kennsl á þær verslanir Olís sem staðsettar væru nægjanlega nálægt verslun Haga til að unnt væri að telja að sú verslun veitti verslun Olís samkeppnislegt aðhald. Í þeim tilvikum þar sem þrír eða færri keppinautar voru á viðkomandi svæði eftir samruna var frekara mat lagt á áhrif samrunans á viðkomandi svæði. Er það frummat Samkeppniseftirlitsins að staðbundin áhrif samrunans til röskunar á samkeppni nái til þriggja verslana Olís sem staðsettar eru í Stykkishólmi, Borgarnesi og Egilsstöðum.

3. Skaðleg lóðrétt áhrif á eldsneytis og dagvörumarkaði

Það er frummat Samkeppniseftirlitsins að sökum þeirrar lóðréttu samþættingar sem ætti sér stað í kjölfar samrunans yrði öðrum hugsanlegum keppinautum samrunaaðila á smásölustigi gert erfiðara um vik að komast inn á markaðinn fyrir smásölu eldsneytis. Grundvallaðist sú ályktun á því mati Samkeppniseftirlitsins að hvatar hins sameinaða fyrirtækis til þess að selja eldsneyti í heildsölu og hvati



Olíudreifingar dótturfyrirtækis hins sameinaða fyrirtækis til þess að dreifa eldsneyti fyrir keppnauta samrunaaðila, minnkaði í kjölfar samrunans.

4. *Skaðleg áhrif aukinna eignatengsla á dagvöru- og eldsneytismarkaði*

Það er einnig frummat Samkeppniseftirlitsins að með samrunanum myndist eða aukist tiltekin eignatengsl og er þetta til þess fallið að raska samkeppni.

Í fyrsta lagi er það frummat eftirlitsins að við samrunann aukist sameiginlegt eignarhald á eldsneytismarkaði þar sem Olís kemst í eigu félags sem er svo í eigu hluthafa sem eiga umtalsverða hluti í keppinautum þess á eldsneytismarkaði. Fyrir samruna áttu hluthafar Olís engan hlut í Skeljungu og N1 en eftir samrunann myndu helstu hluthafar Olís eiga um 58% hlut í N1 og 48% hlut í Skeljungu. Er það frummat Samkeppniseftirlitsins að þessi staða væri til þess fallin að raska samkeppni með umtalsverðum hætti.

Í öðru lagi er það frummat Samkeppniseftirlitsins að sú tilhögun að FISK-Seafood dótturfélag Kaupfélags Skagfirðinga (KS) fengi greitt fyrir eignarhlut sinni í Olís með hlutum í sameinuðu félagi væri til þess fallin að raska samkeppni. Byggist það mat m.a. á því að KS væri bæði keppinautur og viðskiptavinur Haga.

Í þriðja lagi er það frummat Samkeppniseftirlitsins að samruninn leiði til breyttra aðstæðna þegar kemur að eignarhaldi Olíudreifingar sem væri í sameiginlegri eigu Olís og N1. Í kjölfar samrunans yrðu Hagar jafnframt eignaraðili að Olíudreifingu og væri það til þess fallið að raska samkeppni.

Fyrir Samkeppniseftirlitinu liggur nú að taka afstöðu til samrunans á grunni þeirra tillagna að skilyrðum sem Hagar hafa nú lagt fram. Sem lið í þeirri rannsókn telur Samkeppniseftirlitið nauðsynlegt að afla sjónarmiða markaðs- og hagsmunaaðila. Til frekari glöggvunar telur eftirlitið rétt að lýsa stuttlega þeim kröfum sem gerðar eru í samkeppnisrétti til skilyrða af þessum toga.

5. **Almennt um kröfur til skilyrða í samrunamálum**

Meginreglan er sú að skilyrði í samrunamálum verða að vera þess eðlis að þau eyði þeim samkeppnishömlum sem ella hefðu stafað af samruna, sbr. t.d. úrskurð áfrýjunarnefndar samkeppnismála í máli nr. 18/2001, *Mjólkurfélag Reykjavíkur svf., Lýsi hf. og Fóðurblandan hf. gegn samkeppnisráði*. Í þessum úrskurði kemur fram að rétt skýring á samrunaákvæði samkeppnislaga leiði til þess að einungis geti komið til álita skilyrði fyrir samruna sem eru til þess fallin að koma í veg fyrir þær samkeppnishömlur sem af honum stafa. Vísast í þessu sambandi einnig til úrskurðar áfrýjunarnefndar samkeppnismála í máli nr. 6/2006, *DAC ehf. og Lyfjaver ehf. gegn Samkeppniseftirlitinu*.

Eins og kemur fram í lögskýringagögnum er eðlilegt að hafa hliðsjón af ESB/EES-rétti við túlkun á samrunaákvæðum samkeppnislaga, sbr. og dóm Hæstaréttar Íslands í máli nr. 277/2012, *Stjörnugrís hf. og Arion banki hf. gegn Samkeppniseftirlitinu*. Í leiðbeiningarreglum framkvæmdastjórnar ESB frá árinu 2008 um skilyrði í samrunamálum kemur fram að slík skilyrði verði að afstýra allri þeirri röskun á samkeppni sem stafar af



viðkomandi samruna, sbr. mgr. 9.³ Jafnframt verði slík skilyrði að vera heildstæð og árangursrík frá almennu sjónarmiði. Tilgangur samrunareglna er að vernda samkeppnislega gerð markaða með því að vinna til frambúðar gegn umtalsverðri röskun á samkeppni sem leitt getur af samrunum. Sökum þessa kemur fram í 15. mgr. í umræddum reglum að almennt beri að setja skilyrði sem lúta að gerð markaðarins (e. *structural remedies*) frekar en skilyrði sem lúta að hegðun fyrirtækja (e. *behavioural remedies*).⁴ Slík skilyrði geta m.a. falist í sölu á eignum eða tiltekinni starfsemi til að koma í veg fyrir samkeppnishamlandi aukningu á markaðshlutdeild sem stafar af samruna. Skilyrði af þessum toga leysa hið samkeppnislega vandamál í eitt skipti fyrir öll og kalla ekki á viðvarandi eftirlit.

Varðandi setningu skilyrða og hlutverk samkeppnisyfirvalda ber að líta til þessara ummæla í úrskurði áfrýjunarnefndar í máli nr. 18/2001:

„Með þeirri aðferð sem viðhöfð var fengu áfrýjendur ítrekað færi á að setja fram hugmyndir sínar um skilyrði til að koma í veg fyrir frekari íhlutun vegna samrunans. Óhjákvæmilegt var að leggja þessar hugmyndir til grundvallar í öllum aðalatriðum enda má ætla að stjórnendur viðkomandi fyrirtækja hafi besta þekkingu á því hversu langt verði gengið til þess að markmiðið með hlutabréfakaupunum og yfirtökunni gæti talist viðunandi. Samkeppnisráði var því rétt að ljúka málinu í því horfi sem það var í þegar ákvörðunin var tekin. Hefur ekki verið sýnt fram á eða gert líklegt að önnur og víðtækari skilyrði hefðu dugað sem unnt hefði verið að samrýma tilgangi áfrýjenda með hlutabréfakaupunum og yfirtökunni. Áfrýjunarnefndin fellst því á að samkeppnisráði hafi verið rétt að taka afstöðu til samrunans með þeim skilyrðum sem áfrýjandi hafði sett fram.“

Ljóst er því að fyrirtæki verða að hafa frumkvæði að því að setja fram tillögur að skilyrðum og einnig að sýna fram á „með óyggjandi hætti að skilyrðin komi í veg fyrir þau skaðlegu áhrif sem samruninn myndi hafa í för með sér.“, sbr. úrskurð áfrýjunarnefndar samkeppnismála í máli nr. 6/2009, *ERGN Holdings Ltd. og Euro Refund Group North á Íslandi ehf. gegn Samkeppniseftirlitinu*.⁵ Þá ber einnig að líta til þess að í úrskurði í máli nr. 6/2006 benti áfrýjunarnefnd einnig á að „úrvinnsla eða mótun“ á skilyrðum falli ekki undir leiðbeiningarskyldu Samkeppniseftirlitsins. Í þessu samhengi er einnig rétt að líta til þeirra krafna sem gera verður til fyrirtækja sem hafa þekkingu á þeim rekstri sem um ræðir og hafa á að skipa fagmönnum, sbr. úrskurð áfrýjunarnefndar samkeppnismála í máli nr. 6/2006, *DAC ehf. og Lyfjaver ehf. gegn Samkeppniseftirlitinu*. Hins vegar getur Samkeppniseftirlitið þurft að veita leiðbeiningar um hvaða „markmiðum verði að lágmarki náð með skilyrðunum“, sbr. úrskurð áfrýjunarnefndar samkeppnismála í máli nr. 11/2011, *Landsbankinn hf., Arion banki hf. og Verdis hf. gegn Samkeppniseftirlitinu*. Samkvæmt þessum úrskurði áfrýjunarnefndar leiðir af 12. gr. stjórnarsýslulaga að Samkeppniseftirlitið verður að leggja sjálfstætt mat á hvort skilyrði samrunaaðila dugi.

³ Leiðbeiningareglurnar aðgengilegar hér: [http://eur-lex.europa.eu/legal-content/EN/TXT/PDF/?uri=CELEX:52008XC1022\(01\)&from=EN](http://eur-lex.europa.eu/legal-content/EN/TXT/PDF/?uri=CELEX:52008XC1022(01)&from=EN)

⁴ Sjá m.a. 15. mgr.

⁵ Sjá einnig t.d. Bellamy & Child, *European Community Law of Competition*, sjötta útgáfa 2008 bls. 727: „It is the responsibility of the notifying parties to show that the proposed commitments, once implemented, will eliminate such competition problems.“



Í 6. mgr. umræddra leiðbeiningareglna framkvæmdastjórnar ESB segir að það sé hlutverk viðkomandi fyrirtækja að gera tillögur að skilyrðum (e. *commitments*) og fjallað er um kröfur sem gilda gagnvart þeim. Er m.a. bent á þetta:

„Only the parties have all the relevant information necessary for such an assessment, in particular as to the feasibility of the commitments proposed and the viability and competitiveness of the assets proposed for divestiture. It is therefore the responsibility of the parties to provide all such information available that is necessary for the Commission's assessment of the remedies proposal.“

Í mgr. 22 og áfram í hinum leiðbeinandi regnum er lýst kröfum sem verður að gera þegar leysa á samkeppnisvandamál sem stafa af samruna með sölu eigna. Í mgr. 58. – 60. er fjallað um skilyrði sem tengjast vandamálum sem leiða m.a. af minnihlutaeign í keppinauti. Í mgr. 62. – 66. er fjallað kröfur sem gilda þegar skilyrði taka til aðgangs t.d. keppinauta að mikilvægri aðstöðu eða vöru í eigu samrunaaðila. Samkeppniseftirlitið hyggst hafa hlíðsjón af þessu við mat á því hvort skilyrði Haga séu fullnægjandi.

Samkvæmt framansögðu geta viðkomandi fyrirtæki, ef þau svo kjósa, gert tillögur að skilyrðum sem þau telja að geti eytt samkeppnishömlum en (í tilviki samrunaðila) samræmast eftir sem áður markmiði aðilanna með viðkomandi samruna eða yfirtöku. Hvíllir þá á viðkomandi fyrirtækjum að útfæra skilyrðin með þeim hætti að þau séu skýr, vel rökstudd og augljóslega til þess fallinn að leysa hin samkeppnislegu vandamál. Hlutverk Samkeppniseftirlitsins felst á endanum í því að meta hvort umrædd skilyrði séu fullnægjandi. Ástæða þess er sú að skilyrði sem eru sett einhliða af samkeppnisyfirvöldum geta verið í andstöðu við tilgang viðkomandi samruna og meira íþyngjandi en ákvörðun um að ógilda hann. Það er ekki hlutverk samkeppnisyfivalda að einhliða endurskipuleggja samruna fyrirtækja.

6. Óskað sjónarmiða um framlögð skilyrði Haga

Eins og rakið er hér að framan stöðvuðu Hagar meðferð fyrri rannsóknar á samrunanum, með því að afturkalla samrunatilkynningu sína þann 8. mars sl. Hafa Hagar nú tilkynnt um samrunann að nýju og sett fram lokatillögu að skilyrðum sem duga að mati fyrirtækisins til þess að ryðja úr vegi þeim samkeppnishindrunum sem annars myndu leiða af samrunanum samkvæmt frummati Samkeppniseftirlitsins.

Í kafla 5 hér að framan er gerð grein fyrir þeim kröfum sem gera verður til skilyrða í samrunamálum. Ljóst er að það er val samrunaaðila hvort þeir kjósa að setja fram tillögur að skilyrðum til þess að bregðast við samkeppnishindrunum. Jafnframt er það á hendi samrunaaðila að sýna fram á að slík skilyrði þjóni markmiðum sínum.

Það er síðan hlutverk Samkeppniseftirlitsins að meta hvort umrædd skilyrði séu fullnægjandi og taka á endanum afstöðu til samrunans og mögulegrar íhlutunar. Áður en Samkeppniseftirlitið getur tekið slíka afstöðu er að jafnaði nauðsynlegt að leita sjónarmiða og upplýsinga hjá þeim sem starfa á viðkomandi markaði. Bréf þetta miðar að því.

Fyrirliggjandi lokatillaga Haga að skilyrðum frá 29. júní 2018 fylgir hjálögð, sbr. meðfylgjandi gögn. Auk almennra ákvæða um orðskýringar, markmið og meginefni (I.



kafli) er þar að finna skilyrði sem auka eiga aðgengi að heilðsölu eldsneytis (II. kafli), efla samkeppni í sölu dagvöru á landinu öllu og á höfuðborgarsvæðinu (III. og IV. kafli) og tryggja sjálfstæði Haga (VII. kafli). Af hálfu Haga er því haldið fram að þessi skilyrði dugi til þess að bregðast við frummati Samkeppniseftirlitsins sem lýst er í 4. kafla hér að framan.

Með hliðsjón af framangreindu óskar Samkeppniseftirlitið eftir sjónarmiðum yðar um tillögur Haga, sbr. frummat Samkeppniseftirlitsins, eins og því er lýst í bréfi þessu. Sérstaklega er óskað eftir afstöðu yðar til eftirfarandi atriða. Ef þér hafið ekki sjónarmið vegna einhvers liðar er þess óskað að það komi sérstaklega fram:

1. Almenn sjónarmið um tillögur Haga og hvort þær dugi til þess að ryðja úr vegi þeim samkeppnishindrunum sem Samkeppniseftirlitið hefur bent á. Sérstaklega er óskað almennra sjónarmiða um hvort tillögur Haga eyði (e. *eliminate*) þeirri samkeppnisröskun sem leiðir af samrunanum, sbr. frummat Samkeppniseftirlitsins, hvort tillögurnar séu heildstæðar (e. *comprehensive*) og líklegar til árangurs (e. *effective*), hvort hægt sé að koma tillögunum í framkvæmd innan skamms tíma og að lokum hvort þær séu í samræmi (e. *proportional*) við þá samkeppnisröskun sem þeim er ætlað að eyða.
2. Afstaða til 7. – 10. gr. (samkeppni í sölu á dagvöru og eldsneytis á höfuðborgarsvæðinu). Sérstaklega er óskað sjónarmiða um eftirfarandi:
 - a. Hvort framboðnar tillögur séu fullnægjandi eða hámarki líkur á að burðugur keppinautur komi í stað seldra verslana Olís og Bónuss sem selja dagvöru. Einnig hvort framboðin skilyrði tryggi að kaupandi geti haldið áfram samkeppni til framtíðar.
 - b. Hvort framboðnar staðsetningar Olís og ÓB sem selja eldsneyti tryggi að burðugur keppinautur geti hafið starfsemi á eldsneytismarkaðnum á höfuðborgarsvæðinu, veitt núverandi eldsneytissölum samkeppnislegt aðhald, vaxið og hafið starfsemi á öðrum landfræðilegum mörkuðum. Óskað er eftir sjónarmiðum um hvort fjöldi framboðinna eldsneytisstöðva, staðsetningar þeirra nægi í því samhengi.
 - c. Hvort framboðin skilyrði um heilðsölu Olís og Olíudreifingar um dreifingu og heilðsölu eldsneytis, auk tækniþjónustu, tryggi að kaupandi geti haldið áfram samkeppni til framtíðar. Í því samhengi óskar Samkeppniseftirlitið upplýsinga um hvort tímalengd heilðsölusamnings við Olís, 6 mánuðir, sé nægjanlegur í því samhengi.
3. Afstaða til 11.-15. gr. (fyrirkomulag sölu). m.a.:
 - a. Hvaða kröfur beri að gera til kaupanda umræddra eigna, s.s. fjárhagslegar stöðu, sjálfstæði frá samrunaaðilum og áhrifa á samkeppni (þ.e. að salan sé til þess fallin að auka samkeppni á viðkomandi markaði).
4. Sjónarmið um hvort þörf sé á að setja eigendum Haga skilyrði vegna samrunans, sbr. frummat Samkeppniseftirlitsins að þessu leyti. Slíkar tillögur, eðli máls samkvæmt, er ekki að finna í tillögum Haga að skilyrðum.
5. Önnur atriði sem þér teljið mikilvægt að koma á framfæri.

7. Niðurlag

Samkeppniseftirlitið óskar eftir sjónarmiðum um meðfylgjandi drög að skilyrðum vegna samrunans, í samræmi við beiðni þá sem fram er sett í 6. kafla. Þess er óskað að umsögn og sjónarmið berist eigi síðar en **11. júlí nk.** Gefst aðilum sem starfa á viðkomandi



mörkuðum jafnframt kostur á að koma sjónarmiðum á framfæri á fundi. Um heimild til að afla sjónarmiða vísast til 19. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005.

Ef umsögn yðar inniheldur að einhverju leyti upplýsingar sem óskað er að gætt verði trúnaðar um er þess óskað að þær upplýsingar verði tilgreindar sérstaklega ásamt því að eintak án trúnaðar verði afhent samhliða, sbr. 2. mgr. 16. gr. reglna nr. 880/2005 um málsmeðferð Samkeppniseftirlitsins.

Vinsamlegast hafið samband við undirritaðan sé óskað frekari upplýsinga eða skýringa vegna bréfsins, magnus@samkeppni.is. Senda má svör við beiðninni rafrænt á framangreint netfang.

Virðingarfyllt,
Samkeppniseftirlitið

Magnús Þór Kristjánsson

Hjálagt: Bréf Haga hf. til Samkeppniseftirlitsins, dags. 29. júní 2018, ásamt tillögu að skilyrðum (án trúnaðar).